



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á 42. norræna lögfræðingafinginu**

Reykjavík, 18. ágúst 2022

Ágætu lögfræðingar og forystufólk á sviði laga og réttar á Norðurlöndum.

Ég býð ykkur öll velkomin til þessa lögfræðingafings, einkum þau sem eru komin hingað frá útlöndum, frá hinum norrænu ríkjunum. Ég fagna því að fá að ávarpa ykkur hér, sem forseti Íslands en einnig sem sagnfræðingur að menntun og atvinnu áður en örlögin höguðu því þannig að breyting varð á mínum högum um stundarsakir. Það eigum við sagnfræðingar og lögfræðingar sameiginlegt að við viljum leita sannleikans, við viljum hafa hið sanna og rétta í heiðri. Því skal það viðurkennt þegar í upphafi að mér er danska ekki sérlega töm og fagna því ekki endilega að mæla til ykkar á því máli. En ég þykist geta það og geri það að sjálfsögðu, þó ekki væri nema í virðingarskygni við Vigdísi Finnbogadóttur, einn forvera minna á forsetastóli og einlægum stuðningsmann íslenskrar tungu og norrænnar samvinnu. Eftir að ég hafði verið kjörinn sagði hún eitthvað á þessa leið við mig: „Kæri Guðni. Svo vona ég að þegar þú ræðir við Norðurlandabúa reynir þú að nota norrænt tungumál.“

Við á Norðurlöndum eigum svo margt sameiginlegt, jafnvel þótt tungumál sameini okkur ekki eins vel og raunin var gjarnan áður fyrr. Tímarnir breytast og mennirnir með. En við eigum samt áfram sameiginlegan arf á sviði sögu og menningar og við höfum að mestu sameiginlega sýn á það í hvernig samfélagi við viljum búa – samfélagi þar sem fólk fær jöfn tækifæri til að sýna hvað í því býr, frjálst undan fordómum og misrétti, en um leið viljum við hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi og forðast að ríkidæmi sé forsenda þess að fólk fái heilbrigðisþjónustu eða ungmenni geti menntað sig, í lögfræði, sagnfræði og öðrum greinum sem hugurinn stefnir til.

Hér á Norðurlöndum viljum við líka mörg vera framsækin frekar en fastheldin á fyrri síði – nema kannski lögfræðingarnir. Þannig veit ég ekki um margar aðrar norrænar ráðstefnur hér á Íslandi þar sem enn er haldið í þá gömlu venju að tala á einu skandinavísku málanna. Þið þekkið þennan heim auðvitað

betur en ég en er það kannski svo að í heimi lögfræðinnar þyki íhaldssemi dygð, að breytingar séu frekar litnar hornauga? Og fylgir þá kannski sögunni að lög, iðkun þeirra og nám, séu alvörulist og ekkert spaug?

Það gerðist annan ágústmánuð fyrir löngu, nánar tiltekið hinn 12. ágúst 1854, að íslenskur faðir skrifaði syni sínum alvarlegt umvöndunarbréf. Bjarni Thorsteinsson hafði tekið lögfræðipróf frá Kaupmannahafnarháskóla, verið amtmaður hér á landi, konungkjörinn alþingismaður og forseti þingsins við endurreisn þess árið 1845, og má það vel heita upphafspunktur þeirrar sjálfstæðisbaráttu sem lauk með stofnun Lýðveldis á Þingvöllum 99 árum síðar, sumarið 1944. En í ágúst 1854 bisar Steingrímur sonur Bjarna sem sagt við laganám í Kónsins Kaupmannahöfn. Hann á erfitt með að festa hugann við námið. Hann elskar að láta hugann reika, hann elskar að yrkja. Heyr á endemi! „Ég heyri sagt að þú sért farinn að æfa þig í kveðskap,“ skrifar Bjarni syni sínum og heldur áfram, eflaust þungur á brún: „Þetta er ekki eftir mínu geði eða mínum smekk því ég þekki þá alvarlegu frú Justítíu svo vel að ég veit hún hatar allt fantasíuspil, gleðileika og önnur skrípalæti. Ég hef aldrei heyrt að skáld hafi verið góðir juristar. Sú kalda skynsemi á að præsidera hjá juristunum en ímyndunarkrafturinn hjá skáldunum.“

Ágætu áheyrendur! Við vitum að Bjarni gamli hafði ekki erindi sem erfiði. Strákurinn flosnaði upp úr námi, föður sínum til ama. Ég held við getum samt sagt að sagan fái farsælan endi. Steingrímur nam forn mál og fræði í staðinn, varð rektor við Lærða skólann hér í Reykjavík, orti vinsæl ættjarðarljóð og þýddi ævintýri H. C. Andersens á íslensku. Já, það var til einhvers unnið þótt draumar föður um lögfræðigráðu þessa sonar rættust ekki. Hann átti jú tvo aðra drengi og þeir urðu hvað? Jú, lögfræðingar.

Og hver veit nema Steingrímur hafi haft einhver not af laganámi sínu, þrátt fyrir allt. Því til vitnis kalla ég fram annað skáld, Tómas Guðmundsson. Hann var uppi á síðustu öld og mörg kvæða hans lifa með þjóðinni. Tómas hóf laganám – eins og Steingrímur – en honum auðnaðist að ljúka því – ólíkt Steingrími – og vinna um skeið við málflutningsstörf. „Ég held að lögfræði sé ákaflega góð undirbúningsmenntun fyrir skáld,“ sagði hann síðar. Ekki vil ég rengja hann um það og kannski var það einmitt laganámið sem réð því að Tómas gat komist snilldarlega að orði um mannlegt líf: „Menn geta dottið án þess að þekkja þyngdarlögmálið,“ sagði hann eitt sinn og þessar línur í einu ljóða hans mega greipast í minni allra þeirra sem vinna við að setja lög og vinna eftir þeim: „Samt dáðist ég enn meir að hinu, hve hjörtum manna svípar saman í Súdan og Grímsnesinu.“

Grímsnesið er sveit hér austur frá höfuðborginni, kennd við Grím landnámsmann sem segir frá í Landnámu. Annað vitum við ekki um hann en aðeins meira um Landnámu ögn síðar. Ljúkum þessu spjalli um lög og list hins vegar með þeim grjóthörðu sannindum að við þurfum að varast sleggjudóma. Laganám er ekki bara þurrt stagl. Það getur verið skemmtilegt og lögfræðingar geta svo sannarlega verið skemmtilegir og skáldmæltir.

Já, enga sleggjudóma, engar alhæfingar um að sumir hópar séu svona og aðrir hinsegin. Þannig hugsun elur á fordómum, elur á tortryggni, elur á óvild. Þannig hugsun á allra síst heima á vettvangi sagnfræðinga eða hinna löglærðu.

En hvað með þjóðir? Hvað með þörf fólks til þess að tilheyra hópi – sem kallar um leið á að tilheyri maður einum hópi getur verið erfitt að tilheyra öðrum hópum af sama tagi. Og hvað með þjóðareinkenni? Þegar ég horfi út í þennan sal sé ég fólk frá norrænu þjóðríkjunum fimm. Eru ekki Svíarnir eins og þeir eru, skipulagðir í þaula, þjóðin sem fann upp öryggisbeltið? Eru Danirnir ekki meira liggjandi, þekktir fyrir sitt hygge um heim allan? Eru Norðmenn ekki ennþá dálitlir sveitamenn í sér á sinn sæta hátt – þrátt fyrir allan olíuauðinn? Og eru Finnarnir ekki fólk hinna fáu orða – seiglan uppmáluð og sisu þeirra þekkti þjóðarkarakter?

Svo eru það við Íslendingar. Enginn er dómari í eigin sök – það á nú fólk hér að vita öðrum betur. Á þessari afskekktu eyju höfum við lifað kynslóð af kynslóð og staðhættir hljóta að hafa mótað mannlífið. Aldrei vorum við þó í algerri einangrun og við hefðum jú aldrei komist af án tengsla við umheiminn. Því meiri sem þau eru, þeim mun betra, og það er gömul saga og ný.

En straumar að utan geta svo fallið í íslenskan farveg. Ég nefni hér eitt dæmi. Gautakviða er riddarakvæði frá síðmiðöldum. Þar segir frá Gauta nokkrum sem reynir að bjarga ástmey sinni frá grimmum örlögum. Í skandinavískum útgáfum tekst honum það, með fallegum hörpuslætti. Hér á Íslandi fær sagan hins vegar ekki slíkan Hollywood-endi: „Gauti gekk um hvítan sand, þar var Magnhild rekin á land. Það var Gauta mikil pín, dauða kyssti hann Magnhild sín.“

Hvað þýðir þetta? Erum við svartsýnni en annað fólk á Norðurlöndum? Eða erum við bara raunsærri? Kannski höfum við breyst í tímans rás. Kannski erum við orðin bjartsýnni og hamingjusamari – þótt það geti reyndar verið tvíeggjað fyrir manneskju í áhrifastöðu nú um stundir að benda á hvað fólk hafi það gott hér. Þá er stutt í ásakanir um forréttindablindu og sinnuleysi um stöðu þeirra jaðarsettu og allra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Vissulega má margt gera betur hér en samt er það nú svo að samkvæmt könnunum eru Íslendingar upp til hópa jákvæðir og bjartsýnir, lífsglaðir og hressir.

Og það nýjasta sem útlendingar halda gjarnan um okkur – það sem er jafnvel orðið útbreiddara en sú hugmynd að við trúum öll á álfa – er mýtan um að við lifum eftir þessum einkunnarorðum hér: „Þetta reddast“ – Det ordner sig nok!

Það væri ekki endilega alsæmt. Samkvæmt þessu látum við formlegheit og annað slíkt ekki þvælast fyrir okkur þegar það þarf að taka til hendinni. Við göngum í verkin og sjáum svo til með framhaldið, eða eins og Halldór Laxness, nóbelskaldið, sagði svo skemmtilega: „Þegar öllu er á botninn hvolft, þá fer alt einhvernveginn, þótt margur efist um það á tímabili.“ Já, þetta reddast. Það hugsaði ég líka þar til ég fór að undirbúa þetta erindi af einhverri alvöru. Og er það þá kannski verri hliðin á þessu meinta „þetta reddast“ þjóðareinkenni

okkar, að búa ekki í haginn, að skipuleggja hlutina ekki nægilega vel fyrir fram?

Ég vona að þið fyrirgefið mér að ég nefni enn eitt skáldið til vitnis, og enn einn karlinn – þetta bara skrifaði sig þannig þótt ég hafi hafið leikinn með okkar ástkæru Vigdísi. En svona skrifaði Hallgrímur Helgason nýlega um íslenska þjóð og íslenskt samfélag:

Hér afhjúpaðist íslenska geðþóttahagkerfið, sá síbreytilegi skýjaflóki. Íslendingar voru þrautgóðir og útsjónarsamir, hjálpsamir flestum og reddingasamir, allra þjóða bestir í að bregðast við óvæntum aðstæðum, en fátt kvaldi þá meira en fastar stærðir, vel undirbúnar ákvarðanir, gerðir samningar og fastmótaðar áætlanir [...] En kannski var þetta allt saman skáldskapnum að kenna, þessu sérkennilega fyrirbæri sem aðrar þjóðir umbáru en Íslendingar tignuðu.

Nú vitna ég samt ekki frekar í skáld og rithöfunda. Ég hvet þó ykkur sem hingað eru komin að utan til að kynnst sagnaarfi okkar og menningu á mörgum sviðum. Um leið komist þið kannski að því hvort kenningin um „þetta reddast“-hugarfar okkar fái staðist. Ég dæmi ekki um það en minni á þau orð eins fræðimanns að það gildi það sama um klisjur og skop, að hvort tveggja virki aðeins ef þar má finna sannleikskorn samhliða.

Vörumst þó alhæfingar um þjóðir, rétt eins og við skulum varast alhæfingar um lögfræðinga ef út í það er farið. Já, við skulum leyfa okkur að gantast með þjóðareinkennum, að við Íslendingar eða hvert ykkar um sig séum svona eða hinsegin en við skulum hafna neikvæðari og hættulegri skilgreiningum á „okkur“ og „hinum“. Maður þarf ekki að vera í áhrifastöðu í samtímanum til að vita hvaða skelfingum ofstækisfull þjóðernishyggja getur valdið í heiminum. Maður þarf ekki að vera lærður í fornum fræðum til að sjá hvaða skelfingum hún hefur áður valdið.

Kæru lögfræðingar! Í upphafi máls míns minntist ég á að það eigum við sagnfræðingar og þið sameiginlegt að við viljum leita sannleikans, við viljum hafa hið sanna og rétta í heiðri. Þessi trú, þessi sannfæring, má teljast ein meginstoð réttarríkisins. „Með lögum skal land byggja.“ Þann ævafora grunn samfélagsins má finna á Norðurlöndum og hér á Íslandi meðal annars í Njáls sögu, vinsælustu Íslendingasögunni um aldir, þar sem réttarfari þjóðveldisaldar er frábærlega lýst. Gleymum því samt ekki að réttarheimildir geta verið af ýmsu tagi og gleymum þess vegna ekki seinni hluta spakmælisins: „Með lögum skal land byggja – en með ólögum eyða.“

Lög hljóta að breytast eins og önnur mannanna verk. Og hver veit nema lögfræðingar hafi gott af því að rökræða stöðugt sýn sína á lögin og beitingu þeirra. Í þeim efnum hygg ég að þið getið notið góðs af frjóum umræðum í heimi okkar sagnfræðinga. Sú var tíð að þau sem sinntu sagnaritun töldu unnt að finna sannleikann, hina eina réttu útgáfu af því sem hefði gerst í raun. Nú þykjumst við vita að það sé talsýn, að slík framsetning sögunnar sé jafnvel lituð af vilja ríkjandi afla til að móta söguskoðun almennings eftir eigin þörfum. Við

sagnfræðingar samtímans leyfum okkur því að efast um sannleiksgildi heimilda ef þurfa þykir. Við erum uppfull af því sem ég vil kalla heilbrigða efahyggju.

Tökum til dæmis Landnámabók. Ýmsar gerðir hennar voru teknar saman á 12. og 13. öld. Þær segja frá því hvaða norrænu höfðingjar settust hér að um þremur öldum fyrr, hvaða land þeir tóku sér, af hvaða ættum þeir voru og hverjir voru niðjar þeirra. Grímur nam Grímsnes og svo framvegis. Nú kemur fyrir á okkar dögum að þessar frásagnir Landnámu séu lagðar til grundvallar í deilum um landamerki og umráðarétt. En hversu traustar eru þær? Seint á 13. öld varð Ísland hluti hins norska konungsveldis. Sum starfssystkin mín halda því fram með rannsóknum og rökum að Landnáma hafi verið samin til að verjast kröfum Noregskonungs um eignarhald lands en feli ekki í sér traustan sannleik um eignarrétt höfðingja. Verkið megi því beinlínis kalla falsrit.

Ég skrifaði þess vegna hjá mér skoðanaskipti á Fésbók fyrir um ári. Í dómi um eignarrétt hafði Hæstiréttur vitnað í frásögn Landnámu af Skallagrími Kveldúlfssyni sem kom hingað frá Noregi og tók sér land við Borgarfjörð, hér fyrir norðan höfuðborgina. Ágætur maður – lögfræðingur – skrifaði þá sem hér segir: „Eignarréttur þótti mér alltaf skemmtilegasta grein lögfræðinnar, sérstaklega vegna tengingar við sagnfræði, sem er auðvitað miklu skemmtilegri fræðigreini en lögfræðin [sagði hann]. Það er alveg magnað að dómur falli þar sem sýnt er fram á eignarrétt vegna þess að umrætt land var numið eins og greinir í Landnámu, og að til sé órofin keðja eignarréttar allt frá því.“

Gott og vel en fulltrúi okkar sagnfræðinga var fljótur að leggja orð í belg. Hún skrifaði að bragði: „Sérstaklega af því að Landnáma er nú ekki endilega mjög heilagt rit eða staðreyndafræðilega korrekt. Meira svona skáldsaga...“

En missum við þá ekki svo mikils? Missum við ekki grunninn að standa á? Er ekki bara betra að trúá því sem hingað til hefur verið trúað, meðal annars að Landnámu megi trúá eins og nýju neti? Ég minntist áðan á Njáls sögu og aðrar Íslendingasögur. Lengi trúðu landsmenn því að þar væri líka sagt satt og rétt frá raunverulegum mönnum og atburðum. Vissulega hefðu norsk tröll og sænskir draugar ekki verið til í alvörunni en hitt væri að mestu sannleikanum samkvæmt. Svo komu fræðimenn aftur á móti til skjalanna, fóru að rýna í sögurnar og kváðu upp þann dóm að þær væru skáldaðar, í það minnsta öðrum þræði.

Ekki voru allir Íslendingar sáttir við svona háttalag. Um það leyti sem ég fæddist, fyrir rúmri hálfri öld, sagði bóndi nokkur, orðhvass og betur að sér í Íslendingasögunum en flestir aðrir á landi hér, að þetta fræðalið stundaði hreina og beina skemmdarverkastarfsemi. „Það er eitt af sorglegum táknum vorra tíma,“ þrumaði hann, „að nú þykir sá mestur maður sem lengst gengur í því að gera þessar bókmenntir að ómerkilegum lygasögum. ... Þessa háskólagengnu hálfvita okkar ætti að kæra fyrir landráð.“

Nú er ég ekki og hef aldrei verið sérfræðingur í sagnaarfi okkar – en ég er vissulega háskólagenginn og þegar ég stundaði mín fræði lagði ég áherslu á nauðsyn efahyggju og endurskoðunar – og minni þjóðernishyggju hér og þar í söguskoðun okkar Íslendinga. Mér fannst sumir valdhafar freistast til þess að sjá liðna tíð í rómantísku ljósi, mér fannst að þeir smíðuðu ímyndaða sögu einingar og hetjudáða og notuðu hana sem vopn til að sameina þjóðina.

Og svo fór ég í framboð. Fyrir þann sem sækist eftir því að gegna embætti forseta Íslands er ekki endilega gott veganesti að hafa talað um Íslandssöguna eins og ég hafði stundum gert. En nú er ég hér og síðustu ár hef ég hampað þeirri sýn að við getum gert hvort tveggja, verið gagnrýnin og stolt af sögu okkar, verið hlynnt hvers kyns umræðum um söguna en andmælt misnotkun hennar. Öll sömul eigum við að gera þetta saman, sagnfræðingar og lögfræðingar, almenningur og fólk í áhrifastöðum: Við eigum að berjast gegn öfgafullri þjóðernishyggju – þjóðrembu þar sem sagan er misnotuð til að vekja ótta og ógn, til að heyja stríð og kúga fólk. Um leið megum við eiga okkar heilbrigðu ættjarðarást, okkar ágætu þjóðrækni. Það orð á að vera fallett, með jákvætt yfirbragð. Í því eiga að koma saman fortíð, nútíð og framtíð. Í því eiga að koma saman fornir þræðir og nýir, víðsýni og umburðarlyndi, fjölbreytni og frelsi. En sönn þjóðrækni á ekkert skylt við illsku og hatur í garð annarra, upphafningu á eigin ágæti.

Um þetta á ekki að þurfa að efast, kærur vinir, ekki frekar en það að Ísland er mjög fallett land – rétt eins og aðrir hlutar Norðurlandanna! Að því sögðu býð ég ykkur öll velkomin til þessa þings og býð okkar erlendu gesti sérstaklega velkomna hingað.